

Dagur íslenskrar tungu 2006



„Músíkin hans er crossover“

Getur ímyndunarafl þitt og frumleiki orðið til þess að við eignumst nýtt orð í íslensku? Reyndu að búa til ný íslensk orð yfir tíu ensk heiti sem oft heyrast í málinu.

Sendu tillögur þínar á netfangið jonas@nams.is. Ef góðar tillögur berast verða veitt þrenn bókaverðlaun. Sérfræðingar Námsgagnastofnunar og Málstöðvar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum munu fara yfir tillögur sem berast.

Þetta er krefjandi en skemmtilegt verkefni. Gangi þér vel!

Nýyrði vantar

Til þess að erlend hugtök aðlagist íslensku er nauðsynlegt að búa þeim íslenskan buning þannig að þau falli vel að öðrum orðum málsins, almennri stafsetningu og framburði. Mikilvægt er að þýðingar á erlendum heitum séu liprar og helst eins stuttar og mögulegt er. Hér eru nokkur dæmi um orð sem búin hafa verið til á síðustu árum: *einhverfur, fellihýsi, fjölpóstur, flatskjár, harðkornadekk, hringitónn, netverslun, skjávarpi, spólvörn, sprettigluggi, sprotafyrirtæki, vistvænn.*

Einn helsti kosturinn við íslensku er hversu frjótt orðmyndunarmál hún er. Auðvelt er að smíða ný orð úr orðum og orðrótum sem fyrir eru í málinu, sbr. til dæmis *þota* af sögninni *þjóta*. Þó hefur reynst erfitt að finna góðar þýðingar á nokkrum enskum tökuorðum sem algeng eru í talmáli. Við leitum því eftir hjálp ykkar við að búa til íslensk orð yfir 10 ensk heiti sem brýnt er að finna góð íslensk orð yfir. Nú reynir á frumleika ykkar og sköpunargleði:



casual Hann var í mjög casual fatnaði _____

crossover Músíkin hans er crossover milli popps og rokks

date Ég deitaði hana lengi _____

fusion Á hótelinu er fusion-eldhús þar sem blandað er saman
asískum og evrópskum mat _____

nick Ég sendi þér nickið mitt á MSN _____

outlet Ég fór í outlet-búð í Bandaríkjunum _____

skate Við skeituðum á Ingólfstorgi í gær _____

surf Ég sörfaði á Netinu í gær _____

trendsetter Hún er mikill trendsetter í tískunni _____

wannabe Hann er wannabe rokkstjarna _____

